

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014, Gjábakkafjara og Skansfjara.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 11. september 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2002-2014 frá 4. mars 2005.

Breytingin felst í landtöku tveggja nýrra neðansjávarrafstrengja og tveggja nýrra neðansjávarvatnslagna frá Bakka til Heimaeyjar innan netalaga í Gjábakkafjöru, og lagningu fyrrgreindra strengja og lagna í Gjábakkafjöru og Skansfjöru, að hluta til á hverfisverndarsvæði HV-4.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 11. september 2008.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.